

**Nr. 19-058 S 043 Páll Jónsson GK 357*****Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 1030  
IMO nr. 6704892  
Útgerð: Visir hf.  
Smíðaður: Hollandi 1967, stál  
Stærð: 299 brl. 402 bt.  
Mesta lengd: 43,90 m Skráð lengd: 40,36 m  
Breidd: 7,60 m Dýpt: 6,30 m  
Vél: Grenaa 662 kW, 1981.  
Fjöldi skipverja: 15



Páll Jónsson©Vigfús Markússon

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 27. apríl 2019 var Páll Jónsson GK 7 á línuveiðum á SV miðum (*Hávadýpi*).  
Veður: A 18 m/s og talsverður sjór.

Skipverji var í lest að flokka og ísa fisk í fiskikör. Hann stóð ofan í fiskikari í annarri hæð og snéri baki í fiskikör sem búið var að stafla upp í fjórðu hæð. Efsta fiskikarið í þeirri stæðu, sem var hálfullt af fiski, hafði ekki fallið rétt í skorður þannig að á einni veltu rann það til og féll ofan á skipverjann sem festist undir því. Hann fékk áverka á bak, hægri öxl og olnboga. Siglt var með slasaða til Vestmannaeyja og var hann frá vinnu um lengri tíma.

***Við rannsókn kom fram:***

- að fram kom að verklag um borð var sú að ekki væru sett fiskikör í fjórðu hæð þegar verið væri að ganga frá fiski í annarri hæð en í þessu tilfalli var ekki farið eftir því. Þetta verklag var ekki skriflegt.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins var að fiskikarið var ekki rétt skorðað og ekki farið eftir verklagi við stöflun kara.